

Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, í tilefni 50 ára afmæli Árnagarðs og kynningar á nýrri tvímála útgáfu á ljóðum Stephans G. Stephanssonar. Haldið í stofu 201 í Árnagarði föstudaginn 20. desember 2019 kl. 16.

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, your excellency, Anne-Tamarra Lorre, Ambassador to Canada in Iceland, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð við þennan viðburð sem haldinn er í tilefni af 50 ára afmæli Árnagarðs og kynningar á nýrri tvímála útgáfu á ljóðum Stephans G. Stephanssonar. En áður en lengra er haldið vil ég þakka Háskólakórnum og Gunnsteini Ólafssyni stjórnanda kórsins fyrir fallegan flutning.

Þótt Árnagarður hafi verið formlega vígður fyrir rétt tæpri hálfri öld, 21. desember 1969, átti bygging hússins sér lengri aðdraganda. Raunar má segja að hún hafi verið rökrétt framhald af hugmyndum Íslendinga um að endurheimta handritaarfinn sem litað hafði samskipti Íslendinga og Dana allt frá stofnun lýðveldisins 1944. Hér er hvorki staður né stund til að rekja handritamálið í einstökum atriðum, en óhætt er að segja að Háskóli Íslands hafi þar komið mikið við sögu. Má í því sambandi nefna að árið 1955 var stofnuð við skólann sérstök handritaútgáfunefnd sem var ætlað að sýna í verki að Íslendingar gætu staðið að vísindalegum útgáfum fornrita í samræmi við ströngustu fræðilegu kröfur. Á hátíð sem haldin var í tilefni hálftrar aldar afmælis Háskóla Íslands árið 1961 lýsti svo þáverandi menntamálaráðherra því yfir að stofnuð skyldi sérstök Handritastofnun Íslands sem sýsla átti með hin fornu íslensku handrit sem samið hafði verið um að Danir myndu afhenda

Íslendingum. Handritastofnunin var fyrst um sinn til húsa á Landsbókasafni, en þegar kom að því að finna stofnuninni varanlegt húsnæði komu fram ýmsar hugmyndir. Ein þeirra var að bæta viðbyggingu við Aðalbyggingu undir stofnunina og einnig var skoðaður sá möguleiki að reisa byggingu á milli Aðalbyggingar og Nýja Garðs, þar sem Lögberg stendur nú. Að endingu var húsinu fyrir handritin svo valinn staður syðst á háskólasvæðinu og fékk það nafnið Árnagarður eftir Árna Magnússyni fræðimanni og handirtasafnara, en stærstur hluti handritanna sem geymd eru í húsinu kom úr safni hans. Kjartan Sigurðsson arkitekt teiknaði bygginguna í samvinnu við Hörð Bjarnason, húsameistara ríkisins, og var það reist á árunum 1967-1969 og formlega vígt sunnudaginn 21. desember 1969. Það er sérlega ánægjulegt að með okkur hér í dag er Jóhannes Nordal, fyrrverandi Seðlabankastjóri, en hann var formaður byggingarnefndar Árnagarðs á sínum tíma. Vil ég þakka honum fyrir hans dýrmæta framlag, bæði til þessa máls og annarra málefna Háskóla Íslands. Byggingunni var ekki aðeins ætlað að geyma dýrmætasta menningararf þjóðarinnar, íslensku miðaldahandritin, heldur einnig að skapa betri aðstæður til kennslu og rannsókna í íslenskum fræðum og breytti húsið miklu í þeim efnum.

Og sagan heldur áfram því nú, þegar Árnagarður stendur á fimmtugu, er óðum að rísa hér norðar á háskólasvæðinu nýtt og glæsilegt Hús íslenskunnar sem verður framtíðaraðsetur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og varðveislustaður handritanna, auk þess sem einnig Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs Háskóla Íslands mun vera þar til húsa.

Góðir gestir. Eins og áður sagði erum við ekki aðeins hér saman komin til að minnast hálftrar aldar afmælis Árnagarðs, heldur fögnum við einnig í dag útgáfu bókarinnar *Two Lands, One Poet. The Reflections of Stephan G. Stephansson*

Through Poetry, tvímála útgáfu á safni ljóða eftir Stephan G. Stephansson. Bókin kemur út árið sem Þjóðræknisfélag Norður Ameríku fagnar 100 ára afmæli sínu og er minnisvarði um sögu og menningu íslenskra innflytjenda í Norður Ameríku.

Bókin tengist einnig ákveðnu Vesturheimsverkefni á vegum Háskóla Íslands. Í tilefni af opnun Veraldar-Húss Vigdísar vorið 2017 var stofnaður styrktarsjóður við Háskóla Íslands í nafni Stephans G. Stephanssonar, með það að markmiði koma á fót kennslu- og rannsóknastöðu í heimsbókmenntum við Vigdísarstofnun í minningu íslenskra skálda í Vesturheimi. Bókin mun tvímælalaust styðja við styrktarsjóðinn og hagnaður af sölu bókarinnar rennur í hann.

Stephan G. er eitt af höfuðskáldum íslenskra bókmennta og með útgáfu á veglegu safni ljóða hans í tvímála útgáfu gefst lesendum tækifæri til að hvort heldur kynna sér ljóð Klettaskáldsins eða endurnýja kynni sín af þeim. Bókin *Two Lands, One Poet* felur þannig í sér einstakt tækifæri til að ferja fjársjóðinn til lesenda heimsbókmennta í Kanada og öðrum löndum hins enskumælandi heims og það á merkum tímamótum í sögu íslenskra innflytjenda og afkomenda þeirra í Norður Ameríku. Þess má enn fremur geta að bókin geymir einskonar sögulegt yfirlit yfir glímu þýðenda beggja vegna hafs við eitt af ljóðskáldum nútímans og mun án efa gagnast nemendum beggja vegna hafs í bókmenntum, íslensku, ensku og þýðingafræðum.

Ritstjórar þessarar veglegu bókar eru rithöfundurinn Moorea Gray og bókmenntafræðingurinn Birna Bjarnadóttir. Menningar- og útgáfufélagið *Hin kindin* gefur bókina út, í samvinnu við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og vil ég óska þýðendum, ritstjórum og útgefendum innilega til hamingju með bókina. Ég vil einnig nota tækifærið og þakka ríkisstjórn Íslands og Menningarsjóði

Kaupfélags Skagfirðinga kærlega fyrir stuðning vegna útgáfunnar. Þess má geta að hægt verður að verða sér úti um eintak af þessari glæsilegu bók hér fyrir framan salinn að dagskrá lokinni.

Góðir gestir. Ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar, enda munu þeir sem tala hér á eftir ugglaut fræða okkur meira um sögu Árnagarðs og verk Stephans G. Stephanssonar.

Dagskráin hér á eftir verður á þá leið að næst tekur til máls Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og prófessor við Háskóla Íslands, og nefnist erindi hennar „Hús og handritin“.

Þá tekur til máls Helgi Þorláksson, prófessor emeritus í sagnfræði við Háskóla Íslands, og nefnist erindi hans „Árnagarður fimmtugur. Sameiginlegar minningar um frumbýlingsárin“.

Því næst mun Guðmundur Hálfðánarson, forseti Hugvísindasviðs og Jón Sigurðssonar prófessor við Háskóla Íslands, minnst með nokkrum orðum menningararfs Íslendinga beggja vegna hafs.

Þá mun Anne-Tamara Lorre, sendiherra Kanada, ræða menningarsamband Kanada og Íslands.

Síðan flytur Birna Bjarnadóttir, verkefnisstjóri við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, og mun hún kynna bókina *Two Lands, One Poet. The Reflections of Stephan G. Stephansson Through Poetry*, nýju tvímála útgáfuna á safni ljóða eftir Stephan G. Stephansson.

Að lokum mun forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, ávarpa samkomuna.

Að formlegri dagskrá lokinni verður boðið upp á léttu veitingar hér fyrir framan salinn og eru þær í boði sendiráðs Kanada og Háskóla Íslands.

Ég vil að lokum óska okkur öllum til hamingju með daginn, óska ykkur gleðilegra jóla, og gef Guðrún Nordal orðið.